

Elma orkuviðskipti ehf. Ársreikningur 2025

Elma orkuviðskipti ehf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 630204-3480

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Yfirferð ársreiknings	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Félagið hóf rekstur á viðskiptavettvangi fyrir raforku árið 2022 en tilgangur félagsins er rekstur markaðar fyrir rafmagn og skyldur rekstur. Starfsemi Elmu orkuviðskipta á árinu 2025 einkenndist af upphafi viðskipta á næsta-dags markaði Elmu, sem hófst þann 11.mars. Markaðurinn keyrir á viðskiptakerfi frá Nord Pool til að halda utan um viðskipti og er Elma miðlægur móttæðili í viðskiptum á markaðinum.

Hlutfé var 5 millj. kr. í árslok og er allt í eigu Landsnets hf., eins og í upphafi árs. Á árinu 2025 voru þrír starfsmenn hjá félaginu.

Tap félagsins á árinu 2025 nam 124,2 millj. kr. (2024: tap 76,3 millj. kr.) og var eigið fé í árslok 2025 neikvætt um 268,5 millj. kr. að meðtöldu hlutfé (2024: neikvætt um 144,3 millj. kr.). Skýrist tap félagsins af undirbúningskostnaði en móðurfélag félagsins mun fjármagna rekstur þess til að tryggja rekstrarhæfi þess.

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn Elma orkuviðskipta ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Framkvæmdastjóri:

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Stjórn:

Páll Harðarson

Yfirferð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa Elma orkuviðskipta ehf.

Við höfum yfirfarið ársreikning ársins 2025 fyrir Elma orkuviðskipti ehf. sem stjórnendur hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila með það að markmiði að yfirfara framlagðan ársreikning stjórnenda. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem yfirferð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík,

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur		15.458.316	5.369.320
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		72.223.911	66.106.132
Annar rekstrarkostnaður		67.509.582	18.568.863
		139.733.493	84.674.995
Rekstartap	(124.275.177)	(79.305.675)	
Fjármagnsliðir	(30.942.367)	(17.308.483)	
Fjármagnsliðir samtals	(30.942.367)	(17.308.483)	
Tap fyrir tekjuskatt	(155.217.544)	(96.614.158)	
Tekjuskattur		31.038.820	20.315.885
Tap ársins	4	(124.178.724)	(76.298.273)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Tölvu- og hugbúnaður	3	45.025.793	24.035.804
Tekjuskattsinnæign		69.533.185	38.494.365
Fastafjármunir samtals		<u>114.558.978</u>	<u>62.530.169</u>
Veltufjármunir			
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur		1.657.682	99.641
Handbært fé		3.114.139	3.348.936
Veltufjármunir samtals		<u>4.771.821</u>	<u>3.448.577</u>
Eignir samtals		<u><u>119.330.799</u></u>	<u><u>65.978.746</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Ójafnað eigið fé		(273.463.668)	(149.284.944)
Eigið fé	4	<u>(268.463.668)</u>	<u>(144.284.944)</u>
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir við móðurfélag	5	381.972.708	194.024.137
Langtímaskuldir samtals		<u>381.972.708</u>	<u>194.024.137</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		3.613.311	15.786.839
Skammtímaskuldir við móðurfélag		2.208.448	452.714
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.821.759</u>	<u>16.239.553</u>
Skuldir samtals		<u><u>387.794.467</u></u>	<u><u>210.263.690</u></u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>119.330.799</u></u>	<u><u>65.978.746</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	(	124.178.724)	(76.298.273)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		9.420.144	2.206.830
Breyting á tekjuskattsinnæign	(	31.038.820)	(20.315.885)
Breyting á áföllnum vöxtum		4.235.575	2.009.046
Veltufé til rekstrar	(	141.561.825)	(92.398.282)
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun	(	1.558.041)	137.455
Rekstartengdar skuldir, (lækkun) hækkun	(	10.417.794)	13.236.217
Handbært fé til rekstrar	(	153.537.660)	(79.024.610)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup á tölvubúnaði	(	30.410.133)	(25.706.401)
	(	30.410.133)	(25.706.401)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán		183.712.996	105.585.196
		183.712.996	105.585.196
Breyting á handbæru fé	(	234.797)	854.185
Handbært fé í ársbyrjun		3.348.936	2.494.751
Handbært fé í árslok		3.114.139	3.348.936

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Elma orkuviðskipti ehf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni

Tölvu- og
hugbúnaður

Kostnaðarverð:

Staða 1.1.2024	787.934
Kaup ársins	25.706.401
Staða 31.12.2024	26.494.335
Kaup ársins	30.410.133
Staða 31.12.2025	56.904.468

Afskriftir:

Staða 1.1.2024	251.701
Afskrift ársins	2.206.830
Staða 31.12.2024	2.458.531
Afskrift ársins	9.420.144
Staða 31.12.2025	11.878.675

Bókfært verð:

Bókfært verð 1.1.2024	536.233
Bókfært verð 31.12.2024	24.035.804
Bókfært verð 31.12.2025	45.025.793

4. Eigið fé

Hlutafé félagsins í árslok nemur 5 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	5.000.000	(72.986.671)	(67.986.671)
Tap ársins		(76.298.273)	(76.298.273)
Eigið fé 31.12.2024	5.000.000	(149.284.944)	(144.284.944)
Tap ársins		(124.178.724)	(124.178.724)
Eigið fé 31.12.2025	5.000.000	(273.463.668)	(268.463.668)

5. Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag

	31.12.2025	31.12.2024
Vaxtaberandi skuldir í íslenskum krónum	381.972.708	194.024.137

Skýringar frh.:

6. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur félagsins samanstanda af annarsvegar föstum árgjöldum sem þátttakendur á markaðnum greiða og hinsvegar af veltutengdum gjöldum á MWst og fer upphæð þeirra eftir umfangi viðskiptanna.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslur síðar, eru færð til skuldar sem viðskiptaskuldir í efnahagsreikningi.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er eignfærð í samræmi við áætlanir stjórnenda um nýtingu yfirfæranlegs taps á móti hagnaði komandi ára.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði og að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eiginni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eiganrinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikningi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnvirði að frádregnum afborgunum af höfuðstól.

Skýringar frh.:

6. Reikningsskilaaðferðir frh.:

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.